15. stjórnarfundur Minjasafnsins á Akureyri haldinn 26. júní 2020 í Aðalstræti 58 frá 15:10-17:18. Fundinn sátu: Sigfús Karlsson, formaður, Elísabet Ásgrímsdóttir, Inga Elísabet Vésteinsdóttir, Þorsteinn Krüger, Sigríður Rósa Sigurðardóttir og Haraldur Þór Egilsson og Hanna Rósa Sveinsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð 14. fundar yfirfarin og undirrituð.

2. Aðalfundur – undirbúningur.
   Farið var yfir undirbúning fyrir aðalfund sem haldinn er þriðjudaginn 30. júní kl. 17 í norðursal safnsins.

3. Prókúra
   Stjórn Minjasafnsins á Akureyri veitir Haraldi Þór Egilssyni, safnstjóra, prókúru og heimild til að greiða reikninga safnsins í gegnum fyrirtækjabanka.

4. Fjármál
   Stjórn safnsins veitir safnstjóra heimild til að sækja um yfirdráttarheimild að upphæð 20.000.000kr.
   Heimildin er veitt í þeim tilgangi að mæta árstíðabundnum sveiflum í rekstri safnsins ef þörf krefur og verður stjórn safnsins upplýst í hvert skipti ef nýta þarf heimildina.

5. Ársreikningur 2019.
   Ársreikningur fyrir árið 2019 ásamt gögnum frá endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte var kynntur af Hönnu Rósu og Haraldi Þór og samþykktur.

6. Iðnaðarsafnið á Akureyri
   Lagður fram til kynningar samstarfssamningur Iðnaðarsafnsins, Akureyrarstofu og Minjasafnsins á Akureyri. Samningurinn er til 5 mánaða og felst framlag Minjasafnsins í faglegum stuðningi við starfsmann Iðnaðarsafnsins. Skipaður verður vinnuhópur um framhald verkefnsins.

7. Önnur mál.
   i) Styrkur fékkst frá Akureyrarstofu úr Viðburða og vöruþróunarsjóði til að gera ratleik og lifandi leiðsögn í Laufási. Styrkurinn er kr. 500.000.
   ii) Sótt var um styrk í aukaúthlutun Safnasjóðs til að styrkja grunnsýningu safnsins.

Fundargerð ritaði Haraldur Þór

Sigríður R. Sigurðardóttir
Elísabet Ásgrímsdóttir
Þorsteinn Krüger
Sigríður R. Sigurðardóttir
Inga E. Vésteinsdóttir